

Mál nr. 138/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Þjónusta.

Gögn.

1. Málskot móttakið 11. maí 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1 dags. 21. júní 2022 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum þess kemur fram að M hafi, hinn 23. desember 2021, orðið fyrir líkamstjóni er hann féll í hálku. M hafi verið í þvottastöð X, í þeim tilgangi að þvo bifreið sína. Hafi hann þurft að ganga frá sjálfsafgreiðslustæði eða þvottarými þar sem hann hafi lagt bifreið sinni og meðfram húsnæði X inn að greiðslurými. Hafi hann tekið 3-4 skref út úr þvottarýminu er hann féll í hálku við inngang greiðslurýmisins. Var lögregla kölluð á vettvang og skýrsla hennar, dags. 23. desember 2021, er meðal gagna fyrir nefndinni. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu X þar eð tjón hans verði rakið til óforsvaranlegra hálkuvarna af hálfu X. Vatn hafi safnast saman við inngang þvottarýmisins og frosið þar, en ekki hafi verið til staðar frárennsli eða önnur úrræði til að koma í veg fyrir vatnssöfnun. Hafi starfsfólki X mátt vera kunnugt um þá slysaættu sem þetta skapaði. Þrátt fyrir tíðarfar hafi mátt ráða af aðstæðum á vettvangi er slysið atvikaðist að ekki hafi verið saltað þann dag og engar aðrar ráðstafanir gerðar af hálfu X til að koma í veg fyrir hálkumyndun. Þá hafi ekki verið varað við hálku á vettvangi. Starfsmenn X hafi þó saltað í kjölfar slyssins og þar með sýnt það í verki að aðstæðum hafi verið ábótavant og slysaætta til staðar. Þá vísar M til þess að rík aðgæsluskylda hvíli á fasteignareigendum og rekstraraðilum þegar um þjónustuhúsnæði er að ræða þar sem almenningur venji komur sínar.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram sú afstaða að ósannað sé að líkamstjón M sé að rekja til saknæms vanbúnaðar eða saknæmra mistaka starfsfólks X. Ekki sé ljóst af gögnum málsins hvar M hafi dottið, en þegar lögregla kom á vettvang hafi hann verið staddur í bifreið sinni við annað fyrirtæki sem deili bílaplani með X. Samkvæmt X sé snjóbræðslukerfi á gólfum þvottastöðvarinnar og hálfan metra allt í kringum hana. Gólfinn inni í þvottastöðinni halli inn að miðju þvottarýmanna en þar sé niðurfallsrist. Þá komi starfsmaður X á staðinn þrisvar á dag til að yfirfara tæki og aðstæður. Hafi planið fyrir framan þvottastöðina verið saltað fyrir um daginn á slysdegi og saltkar sé á staðnum. Meðalhitastig á slysdegi hafi verið um frostmark og farið undir frostmark dagana á undan. Í ljósi þess, og þess að slys M hafi átt sér stað í desember, hefði hann mátt gera sér grein fyrir að hálka gæti verið fyrir utan bílþvottastöð, þar sem vatn og sápa væru notuð. Þess utan sé sérstaklega varað við hálku á vettvangi á þartilgerðum skiltum inni á þvottastöðinni og utan við hana. Samkvæmt framansögðu verði X ekki kennt um umrætt slys.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Í þessu máli ber því M sönnunarbyrði fyrir því að líkamstjón hans verði rakið til saknæmra og ólögmetra athafna eða athafnaleysis X, starfsmanna þess eða annarra atvika eða aðstæðna sem X ber ábyrgð á.

Engar ljósmyndir liggja fyrir af vettvangi á slysdegi. Í fyrrnefndri lögregluskýrslu kemur þá ekki fram nákvæmlega hvar M féll en eftir vitni er aðeins haft að það hafi séð M detta mjög harkalega á hliðina en ekki er getið um nánari staðsetningu. Þá segir í skýrslunni að starfsmenn X hafi verið látnir vita af aðstæðum og þeir komið að salta á vettvangi. Verður ekki fallist á það með M að í þeim aðgerðum felist viðurkenning á sök, enda má reikna með að hálka geti myndast á mjög skömmum tíma við þvottastöð við þær veðuraðstæður sem voru á umræddum tíma. Gegn staðhæfingu X hefur þá ekki verið sýnt fram á að hálkuvörnum hafi ekki verið sinnt fyrir um daginn. Þá kemur fram í bréfi V að snjóbræðslukerfi sé til staðar framan við þvottastöðina og ekki hefur verið sýnt fram á annað eða að það kerfi hafi verið ófullnægjandi. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að frárennsliskerfi við þvottastöðina hafi verið ófullnægjandi. Enn fremur liggja fyrir nefndinni ljósmyndir er sýna skilti er vara við hálku, bæði inni í

einstökum þvottarýmum og eins framan við greiðslurými og er ekki sýnt fram á annað en að þau hafi verið til staðar á slysdegi. Hefur þannig samkvæmt öllu framansögðu ekki verið sýnt fram á að tjón M verði rakið til atvika sem X beri skaðabótaábyrgð vegna og verður M að bera hallann af því.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 16. ágúst 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir